

Ed.

474. Nefndarálit

um frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Upphaflega er frumv. samið af stjórnskipaðri nefnd, sem í voru þeir Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómari, Vilmundur Jónsson landlæknir og dr. Símon Jóh. Ágústsson uppeldisfræðingur. --- Síðan hefur frumv. sætt endurskoðun barnaverndarnefndar og þingnefnda hvað eftir annað, og er það nú flutt í fjórða sinn.

Nefndin átti tal við herra Gissur Bergsteinsson hæstaréttardómara og ræddi sérstaklega við hann um hina lögfræðilegu hlið málsins.

Einn nefndarmanna, Gísli Jónsson, áskilur sér rétt til að flytja brtt. við frv., eða fylgja öðrum, er fram kynnu að koma við það.

Alþingi, 28. febrúar 1947.

Brynjólfur Bjarnason,
form.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.

Hannibal Valdimarsson,
frsm.

Gísli Jónsson, Hermann Jónasson.
með fyrirvara.